



Reykjavík 26. nóvember 2019

Efni: Umsögn Núll Prósent hreyfingarinnar um „Þingsályktunartillögu um CBD í almennri sölu. 150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 321 — 285. mál.“^[1]

Núll Prósent Hreyfingin leggst eindregið gegn þessu frumvarpi.

Núll Prósent Hreyfingin vinna mikið með almenningi í grasrótastarfi, þar kemur fram mikil andúð samfélagsins á frumvarpinu. Við fögnum því þegar kallað er eftir sérþekkingu frjálsra félagasamtaka sem eru virk í forvörnum þegar fjallað er um breytingar á lögum sem heyra til forvarna í landinu. Frumvarp þetta er í algerri mótsögn við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórna.^{[2][3]} Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) bendir á að notkun vímuefna er þáttur í ósmittæmum sjúkdómum og hvetur allar þjóðir til að draga úr neyslu.^[4]

Núll Prósent Hreyfingin telur að allar tillögur um tilslökun á lögum gegn áfengi og öðrum vímuefnum vinni gegn heilbrigðisstefnu, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Öll umræða um tilslakanir er óábyrg og veldur óvissu um hvort vímuefni séu minna hættuleg nú en áður. Það er á ábyrgð Alþingis að standi vörð um þá löggjöf sem snýr að áfengi og öðrum vímuefnum ásamt því að setja margfalt meira fé í meðferð og forvarnir. Betra er heilt en vel gróið. Núll Prósent Hreyfingin telur allt of mikla áhættu tekna við tilslakanir á löggjöfinni og vill að fylgst sé betur með öðrum þjóðum til lengri tíma til að sjá þeirra reynslu því það eru ekkert rosalega umfangsmiklar rannsóknir sem hafa verið gerðar. Rannsóknir á langtímaáhrifum þess THC sem finnst í CBD olíunni hafa ekki verið rannsakadar sérstaklega svo okkur sé kunnugt. Við höfum í raun ekki nægar upplýsingar í dag um CBD í læknisfræðilegum tilgangi til að taka áhættulausa ákvörðun. Rannsóknir á aukaverkunum hjá einstaklingum sem nota CBD olíu hafa ekki verið rannsakadar nægilega.

Í greinagerð er talað um eftirspurn. Það eru örfáir sem kalla eftir þessum tilslökunum á mjög fátækum rökum. Margir einstaklingar hafa gert á sér tilraunir með slík efni en lækna mæla með miklu sértækari lyfjum, sem hönnuð hafa verið sérstaklega gegn ákveðnum kvillum. Vert er að hafa í huga að afurðir kannabísjurtarinnar **lækna ekki** sjúkdóma og geta valdið alvarlegum sjúkdómum eins og geðrofsjúkdómum.^[5]

CBD olía getur innihaldið THC þó að í litlu mæli sé, því erfitt er að mæla á milli. Það er ekki auðvelt að mæla magn THC í CBD olíu nema í þar til gerðum rannsóknarstofum. Utanumhald yrði flókið því útilokað er að mæla á vettvangi hvort um ólöglega vöru er að ræða.

Mjög ólíklegt er að ræktun hamps henti hér á Íslandi og margt annað hentugra við okkar erfiðu gróðurfarlægu aðstæður. Núll Prósent Hreyfingin vill sjá gróðurlendi notað til að rækta matvæli eins og stefnt er að í Heimsmarkmiðunum.

Það er ekki þörf á að gera tilraunir á okkar samfélagi, betra er að fylgjast með þróun þeirra þjóða sem hafa breytt sinni löggjöf til lengri tíma.

Fyrir hönd Núll Prósent Hreyfingin

Ástrós Ósk Karlsdóttir Formaður

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

[1] <https://www.althingi.is/altext/150/s/0321.html>

[2] <https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skvrsalur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

[3] <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c>

[4] <http://www.who.int/mediacentre/news/releases/2018/world-leaders-ncds/en/>

[5] (Hahn, 2018; Klumpers og Thacker, 2019; Murray o.fl., 2017)